

Aðalfundur FaMos í Harðarbóli mánud. 28. febrúar 2022

Í stjórn íþróttnefndar FaMos eru Ólöf Örnólfsdóttir formaður og meðstjórnendur, Sigrún Kröyer Hafdís Pétursdóttir og Ursula Jünemann.

Fyrsti stjórnarfundur okkar var 17. ágúst og byrjuðum við þá að skipuleggja veturinn 2021 og 2022.

Allt small saman hjá okkur í fyrstu en ekki vorum við búnar að fá réttu tímana í íþróttahúsum eða Lágafellslaug. Það er svo mikil fjölgun barna í bænum og erfitt að fá tíma fyrir okkur á skólatíma.

En undir okkar nefnd er:

Vatnsleikfimi, dansleikfimi, ringó, boccia, púttæfingar og göngur.

Annar stjórnarfundur var 30. ágúst og þá gátum við endanlega skipulagt tímana og flestir sáttir en annað var ekki í boði, því börnin ganga jú alltaf fyrir.

Dansleikfimin gat þó ekki byrjað í september eins og áætlað var vegna forfalla kennarans, en er að byrja núna 2. mars og vonandi finna einhverjir gleði sína í þeim tímum. (Þar er mikið fjör.) Göngur, sem við erum með á miðvikudögum, fóru mjög vel af stað í mars í fyrra, það hefur að vísu fækkað svolítið í hópnum en það fer svona eftir veðri hversu margir mæta. Það hefur ekki verið frí einn einasta miðvikudag allt árið og ætlum við að halda því áfram. Göngur eru að mínu mati ein allra besta hreyfing fyrir okkur fullorðna fólkið. Við höfum séð frábæran árangur hjá okkar fólki sem hafa verið með frá byrjun í hraða, mæði og hreyfingu. Alveg dásamlegt að vera vitni að þessu.

Síðasti stjórnarfundur á fyrra ári var 22. nóvember og ákveðið hvaða daga í desember við færum í jólafrí sem var 10 desember og síðan hvenær við ætluðum að byrja í janúar. En janúardagarnir voru aldeilis ekki í boði því enn og aftur var það covidíð á ferðinni og öllu lokað

1.febrúar var allt opnað aftur og mikil gleði hjá iðkendum að byrja aftur eftir langt frí og hafa tímarnir síðan verið vel nýttir og nýir félagsmenn bæst við.

Áætlað var ringómót hjá okkur í íþróttahúsinu að Varmá með vorinu en verður frestað til haustsins vegna plássleysis í íþróttahúsinu.

Dagarnir 9. og 12. maí verða síðustu tímar þessa vetrar í starfsemi okkar en gönguhópurinn heldur áfram eins og áður er getið.

Við höfum verið ánægðar með veturinn þrátt fyrir allt og vonumst eftir ennþá meiri þátttöku hjá okkar félagsmönnum og eflum starfið með heilsueflandi Mosfellsbæ.

Við í íþróttanefndinni gefum allar kost á okkur áfram ef fundurinn samþykkir.

Ólöf Örnólfsdóttir, form. íþróttanefndar FaMos.